

Fimmtudaginn 24. mars 1994.

Nr. 12/1994.

Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Eiríki Rúnari Oddssyni

(Örn Clausen hrl.)

Nauðgun. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. janúar 1994 að kröfu ákærða og einnig af hálfu ákærvaldsins. Ákærði krefst sýknu, en af hálfu ákærvaldsins er krafist staðfestingar héraðsdóms um sakfellingu og sakarkostnað, en að refsing verði þyngd og miskabætur dæmdar 750.000 krónur auk vaxta.

Ákærði hefur ekki áður gerst sekur um refsivert brot, sem hér skiptir máli.

Staðfesta ber hinn áfrýjaða dóm um sakfellingu ákærða og heimfærslu brots til 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, svo og um sakarkostnað. Þá ber að staðfesta úrlausn héraðsdómara um bætur til handa R með vöxtum, eins og í héraðsdómi greinir.

Aðkoma á vettvangi og læknisvottorð benda til langvarandi atlögu ákærða að konunni. Með hliðsjón af því ber að þyngja refsingu þá, sem ákveðin var í héraði, og telst hún hæfileg fangelsi 2 ár. Staðfest er, að gæsluvarðhaldsvist ákærða komi til frádráttar, eins og í héraðsdómi greinir.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun máls þessa, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Eiríkur Rúnar Oddsson, sæti fangelsi 2 ár, en gæsluvarðhaldsvist hans frá 10. október 1992 til 16. sama mánaðar komi til frádráttar með fullri dagatölu.

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um skaðabætur og sakarkostnað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun máls þessa, þar með talin saksóknarlaun, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i
Hjartar Torfasonar

Að athuguðu því, sem upplýst er um málsatvik, og svo hinu, að ákærði hefur ekki áður gerst brotlegur við almenn hegningarlög, tel ég refsingu hans hæfilega tiltekna eins og á var kveðið í hinum áfrýjaða dómi, fangelsi 12 mánuði. Um aðrar niðurstöður er ég samþykkur atkvæði annarra dómenda.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. desember 1993.

Ár 1993, þriðjudaginn 21. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur sem háð er af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp dómur í málinu nr. 393/1993: Ákærvaldið gegn Eiríki Rúnari Oddssyni, sem dómtekið var 15. desember sl.

Mál þetta var höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. júlí 1993, á hendur Eiríki Rúnari Oddssyni, Brákarbraut 1, Borgarnesi, kt. 250846-4259, „fyrir kynferðisbrot og líkamsárás, með því að hafa á tímabilinu frá því um kl. 4 aðfaranótt 10. október 1992 og fram til um kl. 7 að morgni þess dags í kirkjugarðinum við Suðurgötu í Reykjavík ráðist með ofbeldi á R, fædda árið 1938, og reynt að þröngva henni til samræðis og jafnframt neytt hana til annarra kynferðismaka en samræðis og kom við þetta til átaka milli þeirra, en er lögreglumenn komu á vettvang um kl. 7 um morguninn, lá R á jörðinni nær fatalaus, kallandi á hjálp, og stóð ákærði þá yfir henni með getnaðarlim sinn utan klæða. Afleiðing árásar á R urðu þær, að hún hlaut kurlað brot á miðkjúku litlafingurs vinstri handar og

hlaut áverka um allan líkamann, klór, mar og rispur í andliti, rispur og klór undir vinstra brjosti og yfir lífbeini, miklar afrifur, rispur, klór og marbletti á báðum hnjám og niður eftir báðum leggjum, alveg niður á tær, rispur í húð, marbletti og smáskurði allt frá hnakka og niður á hæla og í klofi og ytri kynfærum fundust mikil óhreinindi.

Framangreint kynferðisafbrot ákærða telst aðallega varða við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992, en til vara telst háttsemi ákærða annars vegar varða við sama lagaákvæði beint, að því er lýtur að öðrum kynferðismökum en samræði, og hins vegar við 194. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, varðandi þá háttsemi að reyna að þröngva R til samræðis.

Framangreind líkamsárás telst varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu gerir R kröfu um, að ákærði verði dæmdur til greiðslu bóta, að fjárhæð kr. 750.000, auk hæstu leyfilegra vaxta frá 20. október 1992 til greiðsludags“.

Niðurstaða.

Er vitnin Jónas Ragnar Helgason og Helgi Gunnarsson lögreglumenn komu á vettvang í kirkjugarðinum við Suðurgötu að morgni 10. október 1992, sáu þeir konuna, sem var í bol og einum sokk, en að öðru leyti nakin, og ákærða í námunda við hana með getnaðarlim sinn utan klæða. Bæði vitnin kváðu konuna hafa verið mjög hrædda og voru reyndar neyðaróp frá henni tilefni þess að þeir fóru á vettvang.

Þá kemur fram í skýrslu vitnisins Benedikts Sveinssonar kvensjúkdómalæknis, sem skoðaði konuna sama dag, að hún var öll rispuð og klóruð, sem einnig má sjá af ljósmyndum, sem teknar voru af henni, og í skýrslu sinni sagði læknerinn, að hún hefði öll borið þess merki, að hún hefði lent í einhverjum ryskingum. Hvers konar, vissi hann ekki, en mjög ósennilegt væri, að nokkur veitti sér slíka áverka sjálfur, af því að þeir voru svo útbreiddir og á þeim stöðum, sem fólk veiti sér yfirleitt ekki áverka.

Þá bendir frásögn læknisins af gynskoðun á konunni til þess að óhreinindi í klofi hennar og kynfærum hafi ekki komist þangað nema fyrir tilverknað annars aðila en hennar sjálfar.

Lýsing ástands konunnar í læknisvottorði vitnisins Leifs Jónssonar, læknis á slysadeild Borgarspítalans, er mjög á sama veg og skýrsla vitnisins Benedikts Sveinssonar læknis, auk þess sem þar kemur fram að konan hafi kurlað brot á miðkjúku litla fingurs vinstri handar.

Í málinu eru ljósmyndir og uppdráttur af vettvangi, og í þeim gögnum kemur fram, að föt konunnar voru dreifð um nokkurt svæði.

Enn fremur kemur fram, að föt hennar voru rifin.

Þá hefur ákærði orðið tvisaga um það hvernig hann hlaut áverka í andlit og þykir það samrýmast öðrum gögnum málsins að konan hafi veitt honum hann með því að sparka framan í hann í átökum þeirra.

Öll þessi atriði benda ótvírætt í þá átt að átök hafi orðið með ákærða og konunni og að ákærði hafi ætlað að koma vilja sínum fram við konuna að henni nauðugri.

Það er álit dómsins að ákærði hafi gerst sekur um tilraun til þess að hafa samræði við konuna án vilja hennar og hafi með því athæfi sínu gerst brotlegur við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga. Þá gerðist ákærði sekur um líkamsárás með því að brjóta miðkjúku vinstra litlafingurs konunnar í átökum þeirra og gerðist hann með því brotlegur við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur ekki áður gerst sekur um brot sem hér skiptir máli.

Refsing ákærða ákveðst fangelsi í 12 mánuði en gæsluvarðhaldsvist hans frá 10. október 1992 til 16. sama mánaðar kemur til frádráttar með fullri dagatölu.

R hefur krafist greiðslu á 750.000 krónum í miskabætur úr hendi ákærða og þegar litið er til þess hversu alvarleg meingerð hans er gagnvart henni þykja bætur hæfilega ákveðnar 600.000 krónur með vöxtum eins og greinir í dómsorði.

Loks verður ákærði dæmdur til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhannesar Sigurðssonar hdl., 100.000 krónur, og 80.000 krónur í saksóknarlaun sem renna í ríkissjóð.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Eiríkur Rúnar Oddsson, sæti fangelsi í 12 mánuði, en gæsluvarðhaldsvist hans frá 10. október 1992 til 16. sama mánaðar kemur til frádráttar með fullri dagatölu.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 krónur, og þóknun verjanda síns, Jóhannesar Sigurðssonar hdl., 100.000 krónur.

Ákærði greiði R 600.000 krónur í bætur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 10. október 1992 til dómsuppsögudags, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá dómsuppsögudegi til greiðsludags.